



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 15. 12 2022

Leikskóli – stytting vinnuvikunnar

Málsnúmer - 2212233

Félag leikskólakennara

Fyrirkomulag

Árleg uppsöfnun sem tekin er út og raðað á ákveðna daga yfir árið. Samtals 23 dagar. Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastig leik- og grunnskóla af hvað varðar starfs- og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Full stytting 36 stundir á viku eða 48 mínútur á dag miðað við fullt starf.

Leikskólakennarar í hverjum 17 leikskóla Hafnarfjarðar kusu milli fullrar styttingar 48 mín á dag og 13 mínútna á dag. Niðurstöður í öllum leikskólum voru að fara í uppsöfnun 48 mínútna á dag. Viðvera er áfram 40 stundir á viku. Uppsöfnun um á 23 daga á ári sem tekin er út um jól, páska, sumar og vetrarfrí.

Uppsöfnun á styttingu hófst 1. desember 2022 og byrjar úttekt hjá félagsmönnum þann 21. des – 2. jan. með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Mælikvarðar, markmið:

- Auka starfsánægju.
- Auka flæði kennara milli skólastiga.
- Endurmat: Metnar verða niðurstöður starfsmannasamtala og skoðaðar niðurstöður vinnustaðagreiningar.



Hafnarfjörður